



23-Apr-2013

SAGA 3.1.35.20

What's New overview

Copyright ©2013 TM Software - Heilbrigðislausnir. All rights reserved.



Afritanir inn á læknabréf

- Eyðublað

Nú er hægt að afrita af Dagdeildarskrá #442 inn á Læknabréf #186.

ac#40918,tt#51808,tt#51924

Eyðublað

- Eyðublað - (sp) Augnskoðun (#445)

Nýtt eyðublað er komið í Sögu sem er sérsniðið að þörfum augnlækna. Það byggir á eldra blaði, "(sp) Almenn skoðun", en hefur verið einfaldað og betrubætt. Hægt er að búa til gleraugnarecept beint úr blaðinu og beintenging er við Nidek-mælingatæki, sé ákveðin uppsetning til staðar.

Afritun á "(sp) Gleraugnarecept" (#304), ef búið er til gleraugnarecept með venjulegum hætti, tekur nú í staðinn mælingar af nýja blaðinu og hættir að tengjast hinu gamla. Þessi afritun er reyndar einungis í boði sé stilligildi 158 slökkt, og er þá afritað með því að smella á hnapp á receptinu, annars er notast við augnmælingar úr Mælingum.

Hægt er að afrita upplýsingar af "Augnskoðun" bæði á "Almennt læknabréf" (#64) eða "Læknabréf" (#186). "Almennt læknabréf" er textasvæði þar sem allt afritast í texta, en á "Læknabréf" eru greiningar og meðferðir afritaðar í þartilgerða kafla. Annað fer í textasvæðið.

tt#51397,tt#51512,tt#51888,tt#51916,tt#51917

- Eyðublaðaeining - Þakskírteini

Komið er nýtt eyðublað náskilt "TR-V lyfjaskírteini" sem ber nafnið "TR-V Þakskírteini SÍ vegna lyfjakostnaðar."

Þetta eyðublað er notað þegar sjúklingur er kominn yfir ákveðinn lyfjakostnað á 12 mánaða tímabili. Þá getur læknir sótt um 100% greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands.

Virgni útfærð með þessu blaði:

- Hægt að búa til í eyðublaðaeiningunni.
- Senda rafrænt
- Skoða í textasýn

Þessi virkni kemur inn í útgáfur

- 3.1.35.20
- 3.1.36.1

tt#51934,tt#51935,tt#51963,tt#51976,tt#51992,tt#52017,tt#52018,tt#52019

Skel (gaShell)

- Skel

Hjálparhnappur er sjálfkrafa falinn úr tólastiku ef Saga er ekki keyrð í meiri upplausn en 1100 punktar á breiddina. Þetta er gert vegna fjölda aðgerða á tólastiku í eyðublöðum. Stilligildi 1170 mun eftir sem áður stjórna því hvort og þá hvar hjálpin fyrir kerfið er uppsett. Ekki mælt með því að slökva á þessu stilligildi nema hjálpin sé ekki aðgengileg á viðkomandi stofnun.

tt#51927,tt#51928

Skriftur

- Meðferðarskráning - hjúkrunarferli

Tilbúin eru þrjú ný hjúkrunarferli tengd skilun, skilgreind af LSH. Þau heita „Blóðskilun“, „Kviðskilun“ og „Blóðvatnsskipti“. Ef óskað er eftir að virkja þau og tengja á deildir þá skal hafa samband við þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna.

ac#39653,tt#50878,tt#50879,tt#51782,tt#51866



- Ofnæmisskráning - snjó Korn

Undir efnaofnæmi er nú hægt að velja nikkel.

ac#41028,tt#51884,tt#51885

- Sækja aðgangsorð læknis í lyfseðlagátt

Ef stilligildi 160 er virkt og þjónustan SVALA_PRESCRIPTION_ADMIN_SERVICE er virk á Heklu útstöð þá er hægt að sækja aðgangsorð fyrir lækna að lyfseðlagátt í Kerfisumsjón, Notendur, Breyta notanda.

Ef læknanúmer er valið fyrir notanda og síðan ýtt á Sækja takkann er aðgangsorð læknis sótt sjálfkrafa í lyfseðlagáttina.

tt#52022